

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins Kirkjugólfs í Skaftárhreppi.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Kirkjugólf í Skaftárhreppi. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglu um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

1. gr.

Kvikmyndataka og ljósmyndun skulu ekki raska jarðminjum, gróðri, dýralífi eða upplifun gesta innan hins friðlýsta svæðis. Kvikmyndagerð og ljósmyndun sem getur haft áhrif á þessa þætti er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samráði við landeiganda.

2. gr.

Ekki er heimilt að hafa næturgistingu innan hins friðlýsta svæðis.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 31. janúar 2023.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.